

Skólafestna Þingeyjarsveitar 2013–2017



Þingeyjarsveit

Ábyrgðarmenn:
Fræðslunefnd Þingeyjarsveitar
Kjarna, 650 Laugar
www.thingeyjarsveit.is

Útgefandi: Þingeyjarsveit 2013
Mynd á forsiðu: Úr starfi Þingeyjarskóla, Hafralæk.
Myndir á baksíðu: Frá leikskóladeildum í Þingeyjarsveit.

FORMÁLI

Á fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þann 18. október 2012 var samþykkt að skipa stýrihóp til að vinna að gerð skólafestefnu fyrir sveitarfélagið. Í stýrihópinn voru skipuð Arnór Benónýsson, Harpa Þ. Hólmgrímsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Ólafur Arngrímsson og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Á fyrsta fundi stýrihópsins 6. nóvember 2012 lagði hópurinn til að Arnór Benónýsson yrði ráðinn verkefnisstjóri við gerð skólafestefnunnar. Verkið yrði hluti af lokaverkefni hans í menntunarfræðum við Háskóla Íslands, leiðbeinandi Arnórs var Dr. Ingvar Sigurgeirsson sem varð þá um leið ráðgjafi við gerð skólafestefnu fyrir Þingeyjarsveit. Þessi tillaga var samþykkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 8. nóvember 2012 og einnig að Arnór viki þá um leið úr stýrihópnum. Arnór setti fram verkáætlun fyrir vinnuna í desember 2012, stýrihópurinn hélt alls 8 fundi.

Í febrúar 2013 voru haldnir hugarflæðisfundir í báðum skólum sveitarfélagsins. Fundirnir voru ætlaðir nemendum, starfsfólki og foreldrum. Markmiðið með fundunum var að fá fram sýn þessara aðila á það hvað einkenndi góða skóla og hvernig þeir vildu sjá skólana þróast. Arnór og Ingvar stýrðu þessum fundum. Á sama tíma gátu íbúar sveitarfélagsins sent tillögur eða athugasemdir á netfang verkefnisstjóra sem auglýst var sérstaklega af þessu tilefni.

Drög að skólafestefnu sveitarfélagsins voru tilbúin 23. apríl 2013, þá voru þau birt á heimasíðu sveitarfélagsins og send skólunum og nefndum sveitarfélagsins til kynningar. Í framhaldi af því var haldinn íbúafundur 29. apríl 2013 til að fara yfir drögin og gefa íbúunum frekari kost á að tjá sig um þau og koma með tillögur eða ábendingar.

Ýmsar gagnlegar ábendingar komu fram sem tekið var tillit til við endanlega gerð skólafestefnunnar sem samþykkt var í fræðslunefnd 10. júní 2013 og staðfest af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 13. júní 2013.

Við vinnu við gerð skólafestefnu Þingeyjarsveitar voru lög um leikskóla nr. 90/2008, lög um grunnskóla nr. 91/2008 og lög um tónlistarskóla nr. 75/1985, ásamt reglugerðum þar að lútandi lögð til grundvallar. Þá byggir stefnan á aðalnámskrá tónlistarskóla almennum hluta frá árinu 2000 og nýjum aðalnámsskrám fyrir leik- og grunnskóla frá árinu 2011 en þar er talað um sex grunnþætti menntunnar sem eru; læsi, sjálfbærni, lýðræði, heilbrigði og velferð, jafnrétti og sköpun.

Stýrihópurinn þakkar öllum sem tóku þátt í hugarflæðisfundunum, komu með ábendingar, eða komu að vinnunni við gerð þessarar skólafestefnu að öðru leyti. Sérstakar þakkir fá Arnór Benónýsson verkefnisstjóri og Dr. Ingvar Sigurgeirsson.

*F.h. stýrihóps
Margrét Bjarnadóttir
formaður Fræðslunefndar Þingeyjarsveitar.*

Skólaumhverfi Þingeyjarsveitar

Sveitarfélagið rekur tvo skóla, Stórutjarnaskóla og Þingeyjarskóla. Þeir starfa samkvæmt lögum um leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla.

Framtíðarsýn

Skólastarfið skal vera markvisst, skapandi og sveigjanlegt og hafa nám, velferð og þroska nemenda í fyrirrúmi.

Tryggja skal nemendum og starfsfólki bestu náms- og starfsaðstæður sem völ er á hverju sinni.

Leikreglur jafnréttis og lýðræðis skulu vera lifandi þáttur í öllu starfi skólanna.

Í Þingeyjarsveit skal í öllu skólastarfi leitast við að efla með nemendum samkennd, virðingu, sjálfstraust, félagsfærni, skapandi- og gagnrýna hugsun, siðferðiskennd og lífsgleði.

Leiðarljós

Skólar Þingeyjarsveitar skulu rækta með nemendum sínum vinnusemi, verksvit, siðvit og bókvit auk virðingar fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu.



Markmið, leiðir og ábyrgðaraðilar

Uppeldi, nám og kennsla

Markmið

Að tryggja stöðuga þróun uppeldis- og kennsluhátta skólanna og að beita fjölbreyttum aðferðum þannig að viðleitni til náms og framfara sé ríkjandi í öllu starfi þeirra.

Leiðin okkar til þess er að:

- Skólar gera sér skólanámskrár þar sem fram kemur að meginmarkmiðum aðalnámskrár skuli náð.
(Áb. skólastjórnendur, kennarar, fræðslunefnd)
- Endurskoða skólanámskrár og meta árangur þeirra með skipulögðum hætti.
(Áb. skólastjórnendur, kennarar, fræðslunefnd)
- Beita markvissum og hvetjandi aðferðum við að meta árangur og þróun í skólastarfi.
(Áb. skólastjórnendur, kennarar)
- Hafa hugmyndafræði skóla ljósa, vel kynnta og aðgengilega öllum.
(Áb. skólastjórnendur, fræðslunefnd)
- Auðvelda skólum og hvetja þá til að leggja stund á þróunarstarf og nýbreytni.
(Áb. fræðslunefnd, sveitarstjórn)
- Leggja áherslu á verklega þætti, listgreinar og hreyfingu ásamt bóknámi.
(Áb. skólastjórnendur, fræðslunefnd)
- Upplýsingatækni verði lifandi þáttur í daglegu starfi skólanna.
(Áb. skólastjórnendur, kennarar, fræðslunefnd)

Sérstaða

Markmið

Að skólarnir samþætti starf leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla.

Að skólarnir leggi áherslu á að fræða nemendur um nærsamfélagið, menningu, umhverfi og náttúru svæðisins.

Leiðin okkar til þess er að:

- Stuðla að gagnkvæmu samráði og samvinnu starfsfólks skólastiganna og tónlistardeildanna.
(Áb. skólastjórnendur)
- Skipuleggja heimsóknir og samvinnu nemenda og kennara milli skólastiga.
(Áb. skólastjórnendur)
- Nemendur taki þátt í skólastarfi á milli skólastiga s.s. í kennslustundum, þemavinnu og sameiginlegum viðburðum.
(Áb. skólastjórnendur)
- Skólarnir móti sér stefnu um samskipti sín við efri skólastig, atvinnulífið og nærsamfélagið.
(Áb. skólastjórnendur)
- Tónlist skal vera þáttur í almennu skólastarfi og það er m.a. hlutverk tónlistardeildanna að stuðla að tónlistaruppeldi á leik- og grunnskólastigi.
(Áb. skólastjórnendur, fræðslunefnd)
- Hafa umhverfismennt undirliggjandi stef í skólastarfinu.
(Áb. skólastjórnendur, fræðslunefnd)

Aðbúnaður

Markmið

Að skólabýggingar og skólaumhverfi uppfylli lagalegar kröfur til að mæta þörfum til uppeldis, náms og kennslu á hverjum tíma.

Lögð skal áhersla á sérstöðu sveitarfélagsins í tengslum við útinám og umhverfismennt fyrir leik- og grunnskólastig.

Leið okkar til þess er að:

- Sjá til þess að aðbúnaður skóla, s.s. tæki, húsgögn og efniviður sé eins og best verður á kosið og setja fram stefnu þar um fyrir hverja starfsstöð. *(Áb. skólastjórnendur, fræðslunefnd, sveitarstjórn)*
- Tryggja að kröfum um öryggi og aðgengi sé fylgt með reglubundnu eftirliti. *(Áb. skólastjórnendur, skipulags- og byggingarfulltrúi, eldvarnaeftirlit, fræðslunefnd)*
- Aðstoðu til útikennslu verði komið upp við allar starfsstöðvar grunnskólans. *(Áb. skólastjórnendur, fræðslunefnd, sveitarstjórn)*



Frá Barnaborg.

Nemendur

Markmið

Að öll börn eigi jafnan rétt til náms og uppeldis, óháð líkamlegu eða andlegu atgervi.

Að velferð og velliðan nemenda sé tryggð í skólunum og þeir fái notið barnsku sinnar.

Leiðin okkar til þess er að:

- Einstaklingsmiða skipulag námsumhverfis, kennsluefnis og námsmats. *(Áb. skólastjórnendur, kennarar, fræðslunefnd)*
- Beita sem fjölbreytilegustum aðferðum við uppeldi og kennslu. *(Áb. skólastjórnendur, kennarar, fræðslunefnd)*
- Beita fjölbreyttu, stöðugu og uppbyggjandi mati á árangri, framförum og liðan nemenda. *(Áb. skólastjórnendur, kennarar, fræðslunefnd)*
- Tryggja aðstoð sérfræðinga við hæfi hverju sinni fyrir alla nemendur. *(Áb. skólastjórnendur, fræðslunefnd, sveitarstjórn)*
- Tryggja aðstoðu við hæfi fyrir alla nemendur. *(Áb. skólastjórnendur, fræðslunefnd, sveitarstjórn)*
- Bjóða upp á næringarríkt og hollt fæði á skólatíma í samræmi við mannelidismarkmið. *(Áb. skólastjórnendur, yfirmenn mótuneyta)*



Frá Stórutjarnaskóla.

Félagsmál

Markmið

Að félagslíf sé sterkur þáttur í daglegu starfi skólanna.

Leiðin okkar til þess er að:

- Innan skólanna verði góð aðstaða til félagslífs og tómstundastarfs. (Áb. skólastjórnendur, fræðslunefnd)
- Styðja við samstarf skólanna við félagasamtök á sviði íþróttar- og æskulýðsmála. (Áb. skólastjórnendur, fræðslunefnd)
- Stuðla að samvinnu foreldrafélaga skólanna í tengslum við félagslífið í skólunum. (Áb. skólastjórnendur, fræðslunefnd)
- Hafa sameiginlegar félagsmálastundir á vegum skólanna. (Áb. skólastjórnendur, fræðslunefnd)

Forvarnarmál

Markmið

Að vinna með faglegum og markvissum hætti að forvarnarmálum í skólunum.

Leiðin okkar til þess er að:

- Í sveitarfélaginu sé virk forvarnarstefna. (Áb. sveitarstjórn)
- Umgengnisreglur innan skólanna séu skýrar og mótist af jákvæðni og virðingu. (Áb. skólastjórnendur)
- Skólarnir hafi virka áætlun um hvernig brugðist er við og unnið gegn einelti. (Áb. skólastjórnendur, starfsfólk, fræðslunefnd)
- Skólarnir setji sér áætlun um hvernig brugðist skuli við áföllum sem snerta skólasamfélagið. (Áb. skólastjórnendur, starfsfólk, fræðslunefnd)



Frá Krílabæ.

Starfsfólk

Markmið

Að í skólum Þingeyjarsveitar starfi vel menntað og hæft starfsfólk við góðar og gefandi starfsaðstæður sem stuðli að ánægju í starfi.

Leiðin okkar til þess er að:

- Gera símenntunaráætlanir fyrir allt starfsfólk og endurskoða þær árlega. (Áb. skólastjórnendur, starfsfólk, fræðslunefnd)
- Skólarnir setji sér starfsmannastefnu. (Áb. skólastjórnendur, fræðslunefnd)
- Tryggja sem kostur er að tæki og aðbúnaður sé nútímalegur og gera skólana þannig að eftirsóknarverðum vinnustöðum. (Áb. skólastjórnendur, fræðslunefnd, sveitarstjórn)
- Skólarnir setji sér heilsuræktarstefnu. (Áb. skólastjórnendur, starfsfólk)
- Kanna starfsánægju og liðan starfsfólks reglulega og með formlegum hætti. (Áb. skólastjórnendur, fræðslunefnd)



Frá Þingeyjarskóla, Hafralæk.



Frá Tjarnaskjóli.

Samfélagið

Markmið

Að skólar Þingeyjarsveitar séu í nánum og góðum tengslum við samfélagið.

Leiðin okkar til þess er að:

- Birta allar fundargerðir fræðslunefndar og skólaráða á heimasíðu sveitarfélagsins eða skólanna. (Áb. fræðslunefnd, skólastjórnendur)
- Hvetja fulltrúa foreldra og kennara til virkrar þátttöku á fundum fræðslunefndar. (Áb. fræðslunefnd, skólastjórnendur)
- Hafa gagnvirkt samstarf skóla og foreldra. Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi og námi barna sinna en hlutverk skóla er að annast formlega fræðslu og taka þátt í félagsmótun barna og unglinga. Gott og heilsteyp samstarf skóla og foreldra er því afar mikilvægt. (Áb. skólastjórnendur, kennarar, fræðslunefnd)
- Skólarnir séu samfélagslega virkir og sýnilegir í nærsamfélaginu. (Áb. skólastjórnendur)
- Skólarnir haldi úti lifandi heimasíðum. (Áb. skólastjórnendur, fræðslunefnd)

Eftirfylgni og endurskoðun

Markmið

Að fram fari reglulegt mat á skólastefnunni og árangri hennar.

Leiðin okkar til þess er að:

- Unnin verði framkvæmdaáætlun og sett markmið um hvernig skólastefnunni skuli framfylgt. (Áb. fræðslunefnd, skólastjórnendur)
- Viðhorf nemenda, starfsfólks og foreldra til skólastarfsins í sveitarfélaginu verði kannað reglulega með faglegum hætti. (Áb. skólastjórnendur, fræðslunefnd)
- Skólarnir geri áætlun um hvernig brugðist er við niðurstöðum slíkra kannanna. (Áb. skólastjórnendur, fræðslunefnd)
- Skólastefnan skal endurskoðuð á fjögurra ára fresti með formlegum hætti. (Áb. fræðslunefnd, sveitarstjórn)



Frá Þingeyjarskóla, Litlulaugum.



Frá Bárðargili.



Frá Stórutjarnaskóla.

